

Föstudaginn 4. september 1992.

Nr. 348/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Gunnlaugi Þór Briem.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Ákærði hefur með heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. ágúst 1992, sem barst Hæstarétti 1. september sl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Skriflegar athugasemdir vegna kærumálsins hafa borist Hæstarétti frá embætti ríkissaksóknara, sbr. 3. mgr. 145. gr. laga nr. 19/1991. Þar er sett fram sú krafa, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Í málinu liggur frammi geðheilbrigðisrannsókn, sem Hannes Pétursson yfirlæknir framkvæmdi á ákærða, dagsett 6. júlí 1992. Þar kemur fram, að ákærði beri merki um alvarlega efnafíkn og áfengissýki og sé haldinn persónuleikatrufunum, en að öðru leyti séu ekki merki um geðræna kvilla, og teljist hann því sakhæfur.

Þá liggur fyrir í málinu áverkavottorð Páls M. Stefánssonar læknis, dagsett 14. júlí 1992, þar sem segir svo um áverka þá, sem ákærði veitti Þórði Val Gautasyni: „Áverkinn telst meiri háttar og sköddun orðið á munnvatnskirtli vi. megin. Mikil blæðing var samfara áverkanum. Líklegt er, að um framtíðarmein á vi. kinn og munnvatnskirtli vi. megin verði að ræða, enda þótt ekki sé hægt að úrskurða um það endanlega á þessari stundu.“

Samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 27. ágúst 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 27. ágúst, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík af Ragnheiði Bragadóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ákærvaldið hefur krafist þess, að Gunnlaugi Þór Briem, kt. 271269-3079, með lögheimili að Mávahlíð 24, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 á morgun, þar til er dómur hefur gengið í málinu og afstaða tekin til áfrýjunar, en þó eigi lengur en til föstudagsins 27. nóvember nk. kl. 16.00.

Um málavexti vísast til úrskurðar sakadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 14. maí sl.

Rannsókn málsins er nú að fullu lokið, og hefur ríkissaksóknari gefið út ákæru á hendur kærða.

Kærði er ákærður fyrir tilraun til manndráps, en til vara fyrir stórfellda líkamsárás. Brot þetta varðar við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19. 1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981. Einnig er kærði ákærður fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

Brot það, er kærði er grunaður um að hafa framið, getur varðar hann 10 ára fangelsi eða meira.

Með vísan til framanritaðs svo og rannsóknargagna málsins og með skírskotun til 2. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 verður að telja nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, að kærði sæti áframhaldandi gæsluvarðhaldi. Ber því að taka til greina kröfu ákærvaldsins um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Gunnlaugur Þór Briem, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 á morgun, þar til er dómur hefur gegnið í málinu og afstaða tekin til áfrýjunar, en þó eigi lengur en til föstudagsins 27. nóvember nk. kl. 16.00.
